

SLYSABÆTUR

Kynningarblað

Við sækjum bæturnar – Slysabætur.is

Slysabætur.is er einn öflugasti upplýsingavefur landsins á sínu sviði og er mikið heimsóttur í hverjum mánuði. Að baki slysabætur.is standa JP Lögmennt sem búa yfir langri og mikilli reynslu af innheimtu slysabóta. Slysabætur.is eru með skrifstofur á Höfðatorgi í Reykjavík og að Austurvegi 6 á Selfossi. Meðal starfsmanna stofunnar eru Oddur Þórir Þórarinnsson, læknir og lögfræðingur, og Snædís Björt Agnarsdóttir lögfræðingur. Að þeirra sögn er mikilvægt að fólki leiti strax til sérfræðinga hafi það orðið fyrir slysi.

Pað er mjög mikilvægt að leita strax aðstoðar lögfræðinga og fá úr því skorið sem fyrst hvort maður kunni að eiga rétt á bótum. Þetta á við hvort sem fólk hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi, frítímaslysum eða öðrum hremmingum,“ segir Snædís Björt Agnarsdóttir, lögfræðingur, hjá JP Lögmenntum.

„Ferill skaðabótamála getur verið langur og þess vegna er mikilvægt að setja sig í samband við okkur sem fyrst. Við öflum nauðsynlegra gagna, m.a. læknisvottorða, og höfum samband við viðkomandi tryggingafélag. Það skiptir miklu máli að gera þessa hluti í tíma. Það vill nefnilega stundum gerast að fólk kemur hreinlega of seint og málin eru fyrnd eða erfitt að sanna tjón. Við leggjum líka áherslu á að fólk leiti til læknis strax eftir slysi þannig að allar upplýsingar um áverka liggja þá þegar fyrir. Það hjálpar mikið til við framhaldið,“ segir Snædís Björt.

Slysabætur.is hefur þá sérstöðu að einn starfsmanna, Oddur Þórir Þórarinnsson, er bæði læknir og lögfræðingur. Hann segir slysabætur.is leggja áherslu á persónulega þjónustu og regluleg samskipti við viðskiptavinum sína. „Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar persónulega þjónustu og greiðan aðgang að sérfræðingum stofunnar. Eins verður að hafa í huga að þessi mál geta verið viðkvæm og því er mikilvægt að fólk upplifi að við séum mannleg og tilbúin að ræða hlutina á persónulegum nótum. Þá finnst mér oft gott að skoða áverka fólks til að fá betri

tilfinningu fyrir tjóni þess,“ segir Oddur Þórir, læknir og lögfræðingur. „Þannig erum við í mörgum tilfellum ekki eingöngu að sækja bótarétt heldur einnig að leiðbeina um möguleg úrræði til að umbjóðendur okkar og skjólstæðingar nái betri heilsu og líðan, sem alltaf er markmiðið,“ bætir Oddur Þórir við.

Aðspurð um feril skaðabótamála segir Snædís Björt að hann geti verið misjafn eftir málum en mörg þeirra séu fremur einföld í sniðum.

„Við byrjum á að ræða við þann sem hefur orðið fyrir slysi og fáum hjá honum umboð til þess að afla gagna, semja um bætur o.þ.h. Við óskum síðan eftir gögnum frá viðkomandi tryggingafélagi, lögregluskýrslum, vottorðum lækna og öðru sem kann að hafa þýðingu fyrir mál viðkomandi. Jafnframt sendum við umbjóðendur okkar til frekari rannsókna hjá læknum eða öðrum sérfræðingum eftir því sem nauðsyn krefur. Við viljum hafa eins ítarlegar upplýsingar um tjón viðkomandi og mögulegt er. Þetta endar svo yfirleitt á því að við og tryggingafélagið biðjum sameiginlega um mat á líkamstjóni. Við förum með viðskiptavinum okkar á matsfund og gerum síðan upp skaðabætur við tryggingafélagið þegar matið liggur fyrir. Aðalatriðið er að flækja ekki málið,“ segir Snædís Björt.

Oddur Þórir bætir við að slysabætur.is hjálpi einnig einstaklingum sem orðið hafa fyrir líkamsárás eða kynferðisofbeldi. „Við sinnum réttargæslustörfum fyrir fórnarlömb kynferðisbrota og líkamsárása og gætum hagsmuna



Oddur Þórir, læknir og lögfræðingur, og Snædís Björt lögfræðingur taka vel á móti viðskiptavinum.

MYND/GVA

þeirra bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Við höfum mikla reynslu í þessum málum,“ segir Oddur Þórir og bætir við að fórnarlömb kynferðisbrota og alvarlegra líkamsárása eigi yfirleitt rétt á að fá tilnefndan réttargæslumann sér að kostnaðarlausu.

„Við svörum öllum fyrirspurnum sem berast til okkar og leggjum metnað okkar í að aðstoða alla þá sem við getum,“ segir Oddur Þórir. „Það kostar ekkert að spyrja.“

Ekki flækja málin – Slysabætur.is!

Á slysabætur.is er að finna ítarlegar upplýsingar um allar tegundir slysamála, feril þeirra og kostnað, svo og svör við algengum spurningum tjónþola, auk góðra ráða. Bæði segja þau Oddur Þórir og Snædís Björt að slysabætur.is hafi hjálpað fjölmörgum. Þar sé að finna svör við ýmsum spurningum þeirra sem orðið hafa fyrir slysum um rétt þeirra til bóta og hvað þurfi að gera til að afgreiðslu þeirra geti orðið. „Þarna er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar á mannamáli,“ segir Snædís Björt. „Við svörum síðan frekari fyrirspurnum, hittum viðkomandi og fylgjum honum sjálf í gegnum ferlið allt þar til við erum búin að fá bæturnar greiddar og skila þeim af okkur,“ bætir Oddur Þórir við. Hægt er að ná á Odd Þóri og Snædís Björtu í s. 588-5200 eða senda fyrirspurn á slysabætur@slysabætur.is.

LIFÐU LÍFINU

VIÐ SÆKJUM BÆTURNAR



Hjá Íslensku lögfræðistofunni sjá þau Haukur Örn Birgisson hrl., Svanhvít Yrsa Árnadóttir hdl. og Unnur B. Vilhjálmstöðttir hdl. um rekstur slysamála stofunnar.

MYND/GVA

Greiður aðgangur að lögmönnum mikilvægur er slys ber að höndum

Hjá Íslensku lögfræðistofunni sjá lögmenn alfarið um rekstur slysamála. Með því tryggir ÍL sérfræðipækkingu á öllum stigum málsins og þar með betri þjónustu við viðskiptavinum. Mikilvægt er að kanna réttarstöðu sína strax með aðstoð lögfræðings.

Haukur Örn Birgisson hæstaréttarlögmaður, Svanhvít Yrsa Árnadóttir hdl. og Unnur B. Vilhjálmstöðttir hdl. sjá um rekstur slysamála hjá Íslensku lögfræðistofunni.

Þau segja fólk oft ekki upplýst um rétt sinn til slysabóta og ráðleggja þeim sem lenda í slysi að leita aðstoðar lögfræðings strax.

„Það hefur verið mín upplifun að fólk virðist oft ekki þekkja sinn rétt eftir að hafa lent í líkamstjóni, sérstaklega í umferðarslysum,“ segir Haukur Örn.

„Sá sem verður fyrir tjóni í eða af völdum ökutækis á alltaf rétt á bótum hvort sem hann er ökumaður eða farþegi bifreiðarinnar. Þá breytir engu hvort bifreið viðkomandi hafi verið í rétti eða órétti. Þá virðist fólk einnig veigra sér við að leita réttar síns þar sem það telur sig vera að sækja persónulega á viðkomandi ökumann, sem getur verið einhver nákominn. Allir ökumenn bifreiða eru með lögbundna ábyrgðartryggingu sem tjónþoli

getur sótt bætur í,“ segir Unnur B. Vilhjálmstöðttir lögmaður.

Mikilvægt að kanna réttarstöðu sína strax með lögfræðingi

Upp getur komið ágreiningur við viðkomandi tryggingafélag um bótafjárhæðina jafnvel þótt tryggingafélagið fallist á skaðabótaskyldu. Sá ágreiningur á oft rætur sínar að rekja til þess hvaða tekjur eigi að leggja til grundvallar við útreikning bóta.

„Almenna reglan er sú að miða skuli bætur við tekjur síðustu þriggja ára fyrir slys. Það getur skapað vandamál fyrir þá sem hafa verið í námi, eru heima-vinnandi eða hafa unnið sem verktakar,“ segir Svanhvít Yrsa Árnadóttir.

„Þess vegna er mikilvægt að láta kanna réttarstöðu sína hjá lögmanni strax í upphafi en ganga ekki frá uppgjöri við tryggingafélagið og afsala sér þannig mögulega rétti til frekari bóta,“ segir Haukur Örn.



Íslenska lögfræðistofan er til húsa á 16. hæð í Turninum, Smáratorgi 3. Hafðu samband þér að kostnaðarlausu í síma 412-2800 eða með því að senda póst á netfangið il@il.is

Íslenska lögfræðistofan

Hjá Íslensku lögfræðistofunni (ÍL) veita lögmenn, sem hafa sérhæft sig í slysámálum, ráðgjöf til þeirra sem lent hafa í slysi.

Þjónusta ÍL nær til allra tegunda slysa, hvort sem um er að ræða umferðar-, vinnu- eða frístudaslys.

Lögmenn ÍL aðstoða einnig þá sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum líkamsárásar.

Mikilvægt er að leita sem fyrst til lögmanns til að kanna réttarstöðuna en sú ráðgjöf sem lögmenn ÍL veita er viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Í framhaldi af fyrsta viðtali sjá lögmenn ÍL um öll samskipti við tryggingafélög, lækna og aðra sem máli kunna að skipta.

Sá sem fyrir slysinu verður þarf ekki að greiða fyrir þjónustuna fyrr en bætur fást greiddar frá tryggingafélaginu.

Áratuga reynsla á einum stað

Fólki ber að leita strax til lögmanna eftir að hafa lent í líkamstjóni. Bótaréttur byggist á áratuga þekkingu og tryggir bestu mögulegu þjónustu. Fyrsta viðtal viðskiptavinar hjá lögmanni er alltaf án endurgjalds og honum er gerð grein fyrir framvindu strax í upphafi.

Árið 2008 ákvað lögmansstofan LEX að stofna sérstakt dótturfélag um þá starfsemi er snýr að hagsmunum þeirra sem eiga rétt á skaðabótum. Að sögn Björgvins Þórðarsonar, lögmans og framkvæmdastjóra Bótaréttar, var áratuga þekkingu og reynslu lögmanna LEX safnað saman á einn stað með stofnun fyrirtækisins og þannig tryggt að viðskiptavinir Bótaréttar fái bestu mögulegu þjónustu sem í boði er á hverjum tíma á sviði bótaréttar. „Starfsmenn Bótaréttar eru meðvitaðir um allt það sem fylgt getur því að lenda í slysi eða verða fyrir annars konar tjóni. Úrlausn slíkra mála getur tekið langan tíma og því er mikilvægt að gera viðskiptavininum grein fyrir líklegri framvindu málsins strax í upphafi.“

Eftir að mál er komið inn á borð Bótaréttar hefur viðskiptavinurinn greiðan aðgang að lögmanni sínum. Starfsmenn Bótaréttar leggja auk þess metnað sinn í að halda viðskiptavinum upplýstum í gegnum allt ferlið.

Auk starfseminnar í Reykjavík hefur Bótaréttur á að skipa lögfræðingi á Akureyri sem hefur aðsetur í Hafnarstræti 94.

Samband án tafar

Fyrsta viðtal viðskiptavinar hjá lögmanni Bótaréttar er alltaf án endurgjalds að sögn Björgvins. „Í langflestum tilvikum er greiðsla til lögmans gerð upp þegar bætur hafa verið greiddar. Það er síðan viðkomandi tryggingafélag sem greiðir stærstan hluta lögmansþóknunar vegna uppgjors á svokölluðum ábyrgðartryggingum. Ef engar bætur fást greiddar er engin lögmansþóknun greidd til Bóta-

réttar. Sé hins vegar látið reyna á málið, til dæmis fyrir dómstólum, er greitt samkvæmt gjaldskrá Bótaréttar. Slíkt ferli fer þó ekki af stað án samþykkis viðskiptavinar.“

Björgvin hvetur fólk til að hafa samband án tafar, verði það fyrir líkamstjóni. „Tíminn frá slysi skiptir máli og því verður fólk að bregðast skjótt við og leita strax ráðgjafar hjá lögmanni ef það verður fyrir einhvers konar líkamstjóni. Það getur skipt sköpum að koma málinu strax í réttan farveg enda dregur það úr hættu á því að réttur til bóta glatist.“

Réttur á bótum

Björgvin segir algengt að fólk haldi að það eigi ekki rétt á bótagreiðslum vegna líkamstjóns sem það verður fyrir í umferðinni ef það hefur verið í órétti. „Reyndin er þó sú að ef einstaklingur hefur orðið fyrir líkamstjóni vegna slyss af völdum skráningarskylds ökutækis í notkun á hann alla jafna rétt á bótum, óháð því hvort hann var í rétti eða órétti.“

Hann segir skyldutryggingar váttryggingafélaga gilda fyrir alla þá sem verða fyrir líkamstjóni af völdum ökutækis, hvort sem um er að ræða ökumann, farþega eða aðra vegfarendur, til dæmis gangandi eða hjólandi.

Bótaréttur er með aðgengilega heimasíðu þar sem hægt er að finna margvíslegan fróðleik um málaflokkinn. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.botarettur.is.

Hafðu samband við lögmenn Bótaréttar og fáðu ókeypis ráðgjöf um réttarstöðu þína svo að þú fáið þitt.



Lögmennirnir Björgvin Þórðarson og Kara Borg Fannarsdóttir.



„Tíminn frá slysi skiptir máli og því verður fólk að bregðast skjótt við og leita strax ráðgjafar hjá lögmanni,“ segir Björgvin Þórðarson, lögmaður og framkvæmdastjóri Bótaréttar.



Veistu hvaða rétt þú átt til bóta eftir slys? Hafðu strax samband við lögmansstofuna Bótarétt og þú færð þitt.

ER BROTIÐ Á ÞÉR?

Slys valda heilsutjóni og þjáningum. En það er ekki síður sárt þegar starfsorkan skerðist og áætlanir um framtíðina bregðast. Því fylgir óvissa og áhyggjur.

Ef þú hefur orðið fyrir slysi þá skaltu hafa samband við Bótarétt sem fyrst. Það kostar ekkert að kanna málið. Við metum stöðu þína og skoðum síðan málin ofan í kjölinn. Þú getur látið þér batna á meðan við sækjum rétt þinn.

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100 OG ÞÚ FÆRÐ ÞITT.

BÓTARÉTTUR
- þú færð þitt



Vinnuslysum hefur fækkað mikið

Forvarnir gegn vinnuslysum skipta samfélagið mjög miklu máli enda er kostnaður vegna þeirra mikill. Vinnuslysum hefur fækkað í ýmsum atvinnugreinum á meðan aðrar glíma við aukningu. Eftirlit og fræðsla Vinnueftirlitsins á stóran þátt í fækkun þeirra.

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs hérlandis og byggir starf sitt á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna. Vinnuvernd er mikilvægur samfélagslegur málaflokkur enda eru öryggi og heilbrigði við vinnu mikilvæg lífs-gæði fyrir fólk á vinnumarkaði að sögn þeirra Leifs Gústafssonar, fagstjóra þróunar- og eftirlitsdeildar, og Guðmundar Kjerúlf, aðstoðardeildarstjóra fræðsludeildar. „Rannsóknir benda til þess að allt að 3-4% landsframleiðslu vestrænna ríkja glatist vegna vinnuslysa og heilsutjóns við vinnu árlega. Þetta svarar til 54-71 milljarðs króna á árinu 2012 hér á landi. Því skiptir öflugt vinnuverndarstarf miklu máli,“ segir Leifur.

Helstu hlutverkum Vinnueftirlitsins þegar kemur að forvörnum gegn vinnuslysum er að sögn Guðmundar skipt í eftirlit, fræðslu og rannsóknir. „Við viljum meina að allir þessir þættir hafi forvarngildi. Eftir hrun hefur Vinnueftirlitið reyndar þurft að draga úr rannsóknum en þær eru mjög nauðsynlegur þáttur starfseminnar. Þannig höfum við rannsakað heilar starfsgreinar með ágætum árangri og nú síðast líðan bankamanna fyrir og eftir hrun.“

Vinnueftirlitið heldur fjölda námskeiða stærstan hluta ársins að sögn þeirra félagar. „Við höldum námskeið alla mánuði ársins utan júlí. Bæði höldum við þau í húsakynnum okkar en mætum einnig til fyrirtækja sé þess óskað með námskeið sem hentar þeim hverju sinni. Þannig erum við bæði með stutta fyrirlestra í kaffitímum en einnig með heilu námskeiðin í fyrirtækjum.“

Einn liður í fræðslu Vinnueftirlitsins er upplýsingamiðlun til erlends starfsfólks. „Nýlega gáfum við út leiðbeiningabækling um vinnuslys og plakat sem einnig var þýtt yfir á pólsku. Um er að ræða 21 punkt til umhugsunar um forvarnir.“ Vinnueftirlitið gefur auk þess út mikið efni og tekur þátt í mörgum átaksverkefnum. Stofnunin tekur þátt í árlegri evrópskri vinnuverndarviku og er þemað í ár streita á vinnustöðum og hvernig koma má í veg fyrir hana.

Vinnuslysum fækkar

Slysaskrá Íslands heldur utan um slys sem koma til opinberrar skráningar hérlandis. Um 7.500 vinnuslys voru skráð árið 2007 en skráningin er talin hafa náð til um 85% heilbrigðiskerfisins en þar eru flest slysin skráð. Sambærilegar tölur fyrir árið 2012 eru um 5.300

” Rannsóknir benda til þess að allt að 3-4% landsframleiðslu vestrænna ríkja glatist vegna vinnuslysa og heilsutjóns við vinnu árlega.

sem er töluverð lækkun yfir nokkurra ára tímabil.

Starfsmenn Vinnueftirlitsins fara í um 2.000 eftirlitsheimsóknir á ári til fyrirtækja og stofnana. Í þeim eru gefin fyrirmæli um úrbætur í vinnuumhverfinu sem fyrirtæki verða að jafnaði að uppfylla innan 30 daga. Einnig eru gefnar ýmsar ábendingar. Allt í allt eru þetta um 3.300 fyrirmæli og ábendingar auk þess sem Vinnueftirlitið skoðar yfir 20.000 vinnuvélar, tæki og lyftur á hverju ári.

Í öllum eftirlitsheimsóknum Vinnueftirlitsins eru fyrirtæki hvött til að sinna forvörnum til að koma í veg fyrir slys og heilsutjón. Öll fyrirtæki smá og stór þurfa að vera með skipulagt vinnuverndarstarf. „Gegnum tíðina hefur byggingageirinn verið sú atvinnugrein þar sem flest vinnuslys hafa orðið. Það hefur þó breyst mikið undanfarin



Leifur Gústafsson, fagstjóri þróunar- og eftirlitsdeildar Vinnueftirlitsins, og Guðmundur Kjerúlf, aðstoðardeildarstjóri fræðsludeildar.

MYND/GVA

ár og raunar hefur orðið algjör bylting hvað varðar fjölda slysa. Bygging álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði setti ný viðmið í greininni sem hafa haft mikil áhrif á vinnubrögð annarra byggingaraðila.“

Síðan eru aðrar atvinnugreinar þar sem þróunin hefur ekki verið í rétta átt. Þar má til dæmis nefna

fiskvinnslu en mikið átak var gert þar á síðasta ári til að fækka vinnuslysum. „Einnig má nefna að slysum í ýmsum opinberum störfum hefur fjölgað undanfarin ár, til dæmis hjá lögreglunni og heilbrigðisstarfsfólki. Almennt má þó segja að þróunin síðustu 10-20 árin hafi verið í rétta átt með örfáum undantekningum.“

Átt þú rétt á bótum eftir slys?

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar þér að kostnaðarlausu.

Höfum áratuga reynslu af uppjöri slysabóta!

FORTIS
Slysabætur